

256. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 2. desember 2025 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2510014 - Reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar - endurskoðun

Endurskoðun á reglum um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar hefur staðið yfir og voru drög síðast lögð fyrir velferðar- og mannréttindaráð þann 1. október sl. þar sem fram komu ábendingar sem starfsfólki var falið að vinna áfram.

Þeirri vinnu er nú lokið og drögin lögð fram að nýju.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar og vísar þeim til staðfestingar í bæjarráði.

2. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029.

Fastur fundarliður velferðar- og mannréttindaráðs fram að samþykkt fjárhagsáætlunar.

Lagt fram.

3. 2501031 - Fundargerðir 2025 - notendaráð um málefni fatlaðs fólks

24., 25. og 26. fundargerðir notendaráðs frá 05.11.25, 19.11.25 og 25.11.25 lagðar fram.

Lagt fram.

4. 2501132 - Heilsuefling fatlaðs fólks

Velferðar- og mannréttindaráð tók málið fyrir á fundi sínum 19. ágúst síðastliðinn og vísaði málinu þá til fjárhagsáætlunar vegna ársins 2026.

Framkvæmdastjóri ÍA sótti um styrk í Hvatasjóð til að stuðla heilsueflingu fullorðinna fatlaðra. Sótt var um 2,2 milljónir, en samþykktur var styrkur upp á 1 millj. króna. Til að hefja verkefnið þyrfti að koma á móti framlag frá Akraneskaupstað.

Velferðar- og mannréttindaráð telur mikilvægt sé að stuðla að heilsueflingu fullorðins fatlaðs fólks, enda samræmist það markmiðum heildarstefnu Akraneskaupstaðar um farsælt samfélag og samningi um heilsueflandi samfélag þar sem meðal annars er lögð áhersla á jöfnuð til heilsu.

KHS

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir verkefnið sem tilraunaverkefni til eins árs og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2026 en leggur mikla áherslu á að verkefninu verði fundinn farvegur til framtíðar.

5. 2402299 - Heilsuefning eldra fólks

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs 4. nóvember sl. voru til skoðunar mismunandi sviðsmyndir um áframhald verkefnisins "Sprækir Skagamenn". Ráðið fól starfsmönnum sviðsins að þróa tillögurnar áfram og leggja fram að nýju.

Velferðar- og mannréttindaráð telur mikilvægt sé að stuðla að heilsuefningu eldra fólks, enda samræmist það markmiðum heildarstefnu Akraneskaupstaðar um farsælt samfélag og samningi um heilsueflandi samfélag þar sem meðal annars er lögð áhersla á jöfnuð til heilsu.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að veittur verði styrkur til ÍA að upphæð 7.7 millj. kr. fyrir árið 2026 og vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2026.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Kristinn H. Sveinsson

Auður Eiríksdóttir

Eindri Brandsson

Hilmarinnur Anna St. H. H.

Sveinborg Krútsdóttir